

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. apríl 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-105/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðgerðarþjónustu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að reikningur seljanda verði lækkaður.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 29. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 13. desember. Hinn 13. desember féllst kæruneftndin á ósk seljanda um frest til að skila andsvörum til 11. janúar og bærust andsvör þann dag. Með bréfi, dags. 14. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 28. janúar. Hinn 23. janúar óskaði álitsbeiðandi eftir tveggja vikna framlengingu á fresti til að skila athugasemdum og féllst kæruneftndin á það. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 3. apríl sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

Nefndarmaðurinn Hildigunnur Hafsteinsdóttir var vanhæf til meðferðar málsins og tók varamaður hennar sæti í nefndinni við afgreiðslu þess.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni, ritaðri af lögmanni álitsbeiðanda, kemur fram að álitsbeiðandi hafi haft samband við seljanda snemma árs 2012 vegna fyrirhugaðra viðgerða á tveimur veggjum hússins að Z. Forsvarsmaður seljanda taldi miðað við lýsingu að um væri að ræða verk upp á kr. 400-500.000. Álitsbeiðandi hafði ekki óskað viðgerðar á svölum líkt og hann gerði í verkbeiðni til fyrirtækisins þannig að ætla má að sanngjarn endurgjald myndi hækka eitthvað.

Frankvæmdir hófust í byrjun apríl og lauk í lok júlí. Að sögn álitsbeiðanda einkenndist vinna af því að starfsmenn gagnaðila voru sjaldan á staðnum og verkið dróst því verulega miðað við umfang þess. Álitsbeiðandi og foreldrar hans sáu mikið til um rif og hreinsun meðan á verkinu stóð. Álitsbeiðandi gat því engan vegin undirbúið sig undir reikning gagnaðila, dags. 7. ágúst 2012, sem var u.þ.b. þrisvar sinnum hærri en álitsbeiðandi átti von á miðað við símtal sitt við gagnaðila. Gat álitsbeiðandi ekki sætt sig við upphæðina og tilkynnti seljanda að hann myndi athuga rétt sinn hjá Neytendasamtökunum. Þar hafi honum verið vísað á Múrarmeistarafélag Reykjavíkur sem aftur vísaði honum á A, byggingafræðing og múrarmeistara, til að gefa álit sitt á verkinu. Það var niðurstaða matsmanns að áætlað endurgjald væri mun lægra en seljandi hafði krafið álitsbeiðanda og tók matsmaður þá ekkert tillit til vinnuframlags álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi mun í kjölfar þessa hafa látið seljanda vita að honum þætti krafa hans mjög há og hann hefði fengið óháðan matsmann til að meta verkið. Að fenginni álitsgerði ritaði álitsbeiðandi tölvupóst til seljanda hinn 19. nóvember 2012 um að hann væri reiðubúinn að greiða aukalega kr. 400.000 umfram þær kr. 500.000 sem hann hafði þegar greitt. Svör seljanda voru allt önnur en álitsbeiðandi átti von á og var álitsbeiðanda því nauðugur sá kostur að leita aðstoðar lögmanns enda ljóst að seljanda hugðist ekkert gefa eftir af sínum kröfum.

Álitsbeiðandi greiddi seljanda kr. 174.000 hinn 23. nóvember 2012 og lítur álitsbeiðandi á þá upphæð sem fullnaðargreiðslu. Þannig hefur seljandi fengið greiddar kr. 674.000 upp í sinn reikning. Álitsbeiðandi hefur haft kostnað, kr. 80.000 við lögmannaðstoð og kr. 89.250 við matsgerð og telur sig eiga kröfu til skuldajafnaðar á móti reikningi seljanda. Samtals hefur álitsbeiðandi því haft beinan kostnað upp á kr. 843.250 af málinu en miðað við fyrirliggjandi álit matsmanns var sanngjarn kostnaður af framkvæmdum kr. 842.995. Álitsbeiðandi telur því að hvorugur eigi frekari kröfur á hinn vegna málsins.

Þannig telur álitsbeiðandi vinnuskýrslur vera fráleitar og engan veginn endurspegla þá veru sem seljandi var á staðnum. Þá fór seljandi í sumarfrí frá hálf kláruðu verki sem leiddi til þess að brjóta þurfti upp fyrri frágang og byrja upp á nýtt. Sú viðbót sem skapaðist vegna þess sé algjörlega á ábyrgð seljanda sem ósanngjarnt sé að álitsbeiðandi þurfi að greiða. Þegar tekið sé mið af áætluðum vinnustundum miðað við skráðar vinnustundir verði ekki hægt að draga nokkra aðra ályktun en að skráðar stundir séu verulega ósanngjarnar. Skráðar stundir eru 243,5 klst. meðan matsmaður reiknaði með 105 klst. Þetta eitt geri mismun upp á kr. 664.800. Þá sé annar kostnaður sem tilgreindur sé á reikningi seljanda samtals kr. 671.405 og sé þar talinn til sem dæmi vinnuliður vegna pappalagnar kr. 75.000. Þá vanti sundurliðaða reikninga fyrir tilgreindan kostnað en álitsbeiðandi telur hann ekki endurspegla raunverulegan efniskostnað.

Álitsbeiðandi telur að ekki hafi verið gætt að reglum laga nr. 42/2000 um þjónustukaup með síðari breytingum. Ekki hafi verið uppfylltar þær kröfur sem gerðar eru til seljanda í 4. gr. laganna. Seljandi hafi brugðist leiðbeiningarskyldu sinni skv. 6. gr. laganna og hann álitsbeiðanda aldrei viðvart um að verðið yrði þrefalt það sem álitsbeiðandi mátti búast við í upphafi. Þannig endurspeglir tímaskýrslur engan veginn sannanlegt vinnuframlag og þegar horft sé til reiknings seljanda og tímaskýrslu verði ekki annað ráðið en endurgjaldið sé bersýnilega ósanngjarnt miðað við álit sérfræðings. Þá segir jafnan í álitsbeiðni að hafa verði hljóðsjón af VII. kafla laganna um verð á þjónustunni. Horfa verði til þess hvers eðli vinnan er og hvað álitsbeiðandi mátti búast við. Þannig telur álitsbeiðandi að matsgerð sérfræðingsins endurspeglir sanngjarn verð og það sé verðið sem honum beri að greiða með vísan til 28. gr. laganna. Þá telur álitsbeiðandi sig eiga skaðabótakröfu á móti verðinu enda hafi kostnaður sem hann hafi stofnað til aðeins verið nauðsynlegur lágmarkskostnaður til að mótmæla ósanngjarnri kröfu seljanda. Sem fyrr segir gerir álitsbeiðandi kröfu um að reikningur seljanda verði lækkaður úr kr. 1.843.205 í kr. 842.992 ásamt því að viðurkennt verði að honum sé heimilt að skuldajafna útlagðan kostnað sinn við að mótmæla kröfu seljanda, en sá kostnaður nemur samtals kr. 169.250.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er álitsgerð byggingafræðings og múrarameistara, dags. 15. nóvember 2012, ásamt afriti af tölvupóstssamskiptum seljanda og álitsbeiðanda, verkbeiðni álitsbeiðanda til seljanda, tímaskráning seljanda fyrir verkið, yfirlit yfir aðkeypt efni seljanda, reikningur seljanda vegna verksins, dags. 7. ágúst 2012 að upphæð kr. 1.843.205.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum, rituðum af lögmanni seljanda, kemur fram að viðgerðarþjónusta seljanda hafi farið fram á tæplega fjögurra mánaða tímabili frá 2. apríl 2012 til 25. júlí s.á. Hafi álitsbeiðandi talað við verkefnastjóra seljanda í síma hinn 30. mars 2012 og hafi þeir fundað á verkstað sama dag og skoðað aðstæður. Hafi álitsbeiðandi útskýrt að vandamál það sem hann vildi koma fyrri væri leki inn í húsið og að gert yrði við útvegg. Hafi verkefnastjóri seljanda greitt álitsbeiðanda frá því að ef viðgerð á þeim vegg nægði til að koma í veg fyrir leka þá myndi kostnaður við verkið nema um kr. 400-500.000 en hins vegar væri ekki hægt að fullyrða um það með sjónskoðun þar sem umfang skemmda kæmi ekki í jós fyrr en viðgerðir væru hafnar og hann gæti ekki séð hvort að einnig þyrfti að framkvæmda viðgerð á

aðliggjandi vegg og svalagólfí eða öðru. Það hafi hins vegar reynst nauðsynlegt og kostnaður við verkið því orðið meiri. Hafi álitsbeiðanda verið gerð skýr grein fyrir þessu. Ekki hafi verið samið um fast endurgjald fyrir verkið heldur hafi aðilar samið um að verkið skyldi unnið í tímavinnu og ætti ekki að vera ágreiningur um það. Ekki var gerð kostnaðaráætlun vegna verksins. Að verkinu hafi komið sjö nafngreindir starfsmenn seljanda og skráning vinnustunda fór fram í Tímon símkerfinu auk þess sem verkstjóri seljanda fór yfir skráða tíma starfsmanna vegna einstakra verka.

Hinn 2. apríl 2012 var hafist handa við að rífa eldri múrklæðningu og einangrun á vegg númer eitt, sem reyndist nokkuð föst á veggnum þar sem losa þurfti 2“ plastplötur sem límdar höfðu verið með flísalími og festar með dílum. Voru plöturnar gegnsósa af vatni og erfitt að losa þær en notaðar voru sköfur til þess. Komu þá umfangsmiklar steypuskemmdir í ljós sem teygðu sig í aðliggjandi vegg og svalagólf. Í framhaldi af þessu var ákveðið í samráði við álitsbeiðanda að rífa einnig af vegg af framanverðu húsinu en sá veggur var einnig í lélegu ástandi vegna leka og bleytu og nokkuð morkinn. Auk þess óskaði verkkaupi eftir aukaverkum. Um umfang verksins vísar seljandi til meðfylgjandi samantektar verkefnastjóra seljanda þar sem verkþættir eru sundurliðaðir frá 1 til 9. Eins og samantektin beri með sér kom í ljós við framkvæmd verksins að til að koma fyrir leka inn í húsið þyrfti, eins og áður hefur komið fram, einnig að gera við aðliggjandi vegg og svalagólf og að setja upp flasningar á og við garðskála og á alla fleti við svalir. Einnig kemur fram í samantektinni að aukaverk voru unnin, þ.e. svalagólf var endurnýjað og sett upp svalahandrið og frágangur í kringum það. Gluggi var þéttur að utan og innan á vegg númer tvö og ert við rakaskemmdir að innan og sett gerefti í kringum glugga. Að lokum var gólfniðurfall sett upp á svalagólf úr kopar og sett niðurfall frá því niður í jörð.

Seljandi krefst þess að álitsbeiðandi greiði að fullu reikning nr. 885, útgefinn hinn 7. ágúst 2012 að fjárhæð kr. 1.843.205, en álitsbeiðandi hafi þegar greitt kr. 674.000 af reikningsfjárhæðinni. Nemi eftirstöðvar reikningsins því kr. 1.169.205. Krafist sé dráttarvaxta af kr. 1.343.205 frá 7. september, eða frá því mánuður var liðinn frá útgáfudegi reikningsins og seljandi sannanlega krafði álitsbeiðanda um greiðslu en ekki hafi verið samið um gjalddaga fyrirfram.

Byggir seljandi á því að ekki hafi verið samið fyrirfram um verð og vísar til 28. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, en þar segi að hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu, skuli neytandi greiða það verð, sem telja megj sanngjarnt með hliðsjón af því, hve vinnan sé mikil og hvers eðlis hún sé. Þá byggir seljandi á því að hann eigi rétt til fulls endurgjalds úr hendi álitsbeiðanda vegna þeirra verka sem álitsbeiðandi óskaði eftir að hann ynni í reikningsvinnu og hann sannanlega vann á tímabilinu 2. apríl til 25. júlí 2012. Byggi seljandi á því að fyrir öll þessi verk skyldi álitsbeiðandi greiða samkvæmt gjaldskrá sem á þessum tíma gerði ráð fyrir kr. 4.800 tímagjaldi fyrir vinnu starfsmanna auk aksturs og efniskostnaðar. Telur seljandi að leggja verði nákvæmar tímaskriftir sínar og yfirlit yfir efniskostnað til grundvallar í málinu enda ekki verið sýnt fram á neinar rangfærslur af hans hálfu í þeim efnun. Telur seljandi kröfu sína sanngjarna og eðlilega og álitsbeiðandi beri sönnunarbyrðina fyrir hinu gagnstæða. Þá hafi verkstjóri seljanda á öllum stigum framkvæmda haft náíð samráð við álitsbeiðanda og foreldra hans, sem búsett eru í húsinu, um hvað gera þyrfti. Það sama hafi starfsmenn á verkstað gert. Fylgdust álitsbeiðandi og foreldrar hans vel með framgangi verksins og gat þeim á engu stigi dulist umfang þess. Þá mótmælir seljandi því sérstaklega að álitsbeiðandi og foreldrar hans hafi mikið sé um rif og hreinsun á meðan á verkinu stoð. Það hafi starfsmenn seljanda annast svo sem sjá má af tímaskýrslum. Hins vegar hafi álitsbeiðandi og foreldrar hans aðstoðað starfsmenn seljanda við að færa það sem fargað var frá lóð að bifreið við götu.

Þá segir að seljandi telji fullyrðingu álitsbeiðanda um að verkið hafi tafist vegna sumarleyfa starfsmanna seljanda ranga. Hið rétta sé að hlé hafi verið gert á verkinu meðan

múr var að þorna á svalagólfi, auk þess sem nokkuð hafi rignt á þessum tíma sem hafi seinkað því að unnt væri að ljúka frágangi á pappalögn. Þá gerir seljandi alvarlegar athugasemdir við aðkeypta skoðunargerð álitsbeiðanda og furðar sig á því að hvorki álitsbeiðandi né skoðunarmaður hafi haft samband við sig við gerð hennar. Til að mynda sé pappalögn vanreiknuð og tími vegna rifa og förgunar vanreiknað. Þá hafi farið tími í að ákveða framvindu verksins með álitsbeiðanda. Frágangur á svalagólfi og handriði, sprunguviðgerðir á steinveggjum og uppsteypa á köntum o.fl. hafi einnig tekið mun lengri tíma en einingaverð skoðunarmannsins geri ráð fyrir. Þá sé skoðunargerðin ekki tæmandi og í hana vanti verkliði eins og pappa undir flasningar, rif og förgun o.fl. Jafnframt sé efniskostnaður vanáætlaður. Þá sé sérstaklega tilgreint í bréfi skoðunarmannsins, dags. 15. nóvember 2012, að hann hafi ekki reiknað tíma vegna rifs og hreinsunar en seljandi mótmælir því harðlega að álitsbeiðandi hafi annast þennan verklið.

Seljandi telur kjarna málsins vera, að útgefinn reikningur sé sanngjarn og í samræmi við það verk sem hann sinnti fyrir álitsbeiðanda. Á öllum stigum hafi álitsbeiðandi verið ljóst umfang þeirra viðgerða sem nauðsynlegar voru til að koma í veg fyrir leka auk þess sem hann óskaði eftir ýmsum aukaverkum meðan á framkvæmdunum stóð. Því beri álitsbeiðanda að greiða eftirstöðvar reiknings seljanda. Mótmælir seljandi sérstaklega skuldajafnaðarkröfu álitsbeiðanda vegna aðkeyptar lögmansþjónustu og skoðunargerðar. Ekkert liggir fyrir um nauðsyn álitsbeiðanda til að leggja út í þann kostnað.

Telur seljandi, með vísan til almennra reglna samningaréttar og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga og skuldbindingargildi loforða og til reglna verktakaréttar um rétt verktaka til greiðslu verkaups, að álitsbeiðandi sé skylt að greiða seljanda fyrir verkið. Þá vísar seljandi til reglna samningaréttar, ákvæða samningalaga nr. 7/1936 og til grunnreglu laga 45. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Eins vísar seljandi til 4., 6., 8., 28. gr. og VII. kafla laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Um dráttarvaxtakröfu vísar seljandi til III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er samantekt verkefnastjóra seljanda um verkið, ljósmyndir af verkinu og útprentun úr Tímon, tíma- og viðverukerfi seljanda.

V

Úr gögnum máls

Meðfylgjandi álitsbeiðni er álitsgerð byggingafræðings og múrrameistara, dags. 15. nóvember 2012. Í álitsgerðinni er lagt mat á kostnaðaráætlun við framkvæmdir á tveimur veggjum svalaútbýggingar og svalagólfs að Z. Þar segir að kostnaðaráætlunin sé framkvæmd á grunni stærðarmælinga á staðnum og verklýsingu eiganda, ásamt sundurliðaðri verklýsingu á unnum verkþáttum frá verktaka. Ekki sé innreiknaður tími verkkaupa við vinnu sem hann kom að, t.d. rífi og hreinsun. Hljóðar áætlun í álitsgerð upp á samtals kr. 842.995 með virðisaukaskatti fyrir verkið í heild og sundurliðast sú upphæð í kr. 501.610 fyrir vinnu og kr. 341.610 fyrir efni. Er verktími áætlaður 105 klst. Þar af er gert ráð fyrir að kostnaður vegna vinnu veggi sé samtals kr. 568.495, en fyrir vinnu við svalir kr. 274.500. Þá fylgir álitsgerð reikningur matsmanns, dags. 16. nóvember 2012, að upphæð kr. 89.250.

Þá fylgir álitsbeiðni yfirlit yfir verkþætti frá verktaka. Í henni segir m.a. að upphaf verks sé 2. apríl 2012 og áætluð verklok séu 25. júlí 2012. Verklýsing er svohljóðandi:

„Niðurrif á múr og einangrun „2 flötum og köntum.

Förgun á efni hreinsun.

Niðurbrot á upphækkuðum kanti á svölum c.a. 30 cm. á hæð.

Uppsteypur kantur með mótum.

Flísar teknar af svalagólfi með fleygum. Förgun á flísum og múrbrotum.

Sagað og brotið í stórar lekasprungur á veggjum og gólfi á svölum.

Grunnað og heildregið yfir alla fleti.

Kleprahreinun á vegg og gólfi svala.

Kíttað í göt á vegg.

Heildregið yfir vegg með múr.

Steiningarlím heildregið yfir fleti og sett net á.

Tvær umferðir af steiningarlími og á alla kanta.

Þak, grunnur og þakpappalögn, lagt á flasningar meðfram köntum.

Frágangur á flasningum á kanta. Frágangur með flasningnum við sólhýsi. Frágangur á járnrindverki

Sérsmíðað koparniðurfal frá þaki og lögð ný rennuniðurföll

Unnið við þéttingu á glugga að innan og utan. Sett ný gerefti o.fl.“

Meðfylgjandi andsvörum seljanda er samantekt verkefnastjóra seljanda vegna verksins. Í samantektinni er verkinu skipt upp í verkliði 1-9. Um verklið 1 segir m.a. að rætt hafi verið við álitsbeiðanda í síma hinn 30 maí 2012. Starfsmaður seljanda hafi mætt á verkstað og skoðað verkið, sem muni hafa átt að einskorðast við viðgerð á einum vegg. Sagði starfsmaður seljanda að hann áætlaði að viðgerð á veggnum kostaði um kr. 400-500.000. Þetta hafi verið áætlað verð í þann verklið og samið hafi verið um að verkið yrði unnið samkvæmt tímavinnu vegna mikillar óvissu um leka á fleiri stöðum. Um verklið 2 segir að fyrsti verkdagur hafi verið 2. apríl 2012. Rifin hafi verið gömul múrklæðning og einangrun, sem hafi reynst nokkuð föst á veggnum og miklar steypuskemmdir hafi komið í ljós. Í framhaldinu hafi verið, í samráði við álitsbeiðanda, að rífa vegg að framanverðu sem kallaður er veggur tvö. Sá veggur hafi verið í nokkuð lélegu ástandi vegna leka og bleytu og nokkuð morkinn. Tekið hafi um þrjú daga að rífa utan af veggnum ásamt því að farga múrbrotinu. Við verkið hafi unnið tveir til þrír starfsmenn seljanda. Um verklið 3 segir að 10. apríl hafi vinna hafist aftur eftir að veggir hafi þornað að mestu. Sagaði hafi verið í sprungur. Álitsbeiðandi hafi beðið um að láta rífa flísar af svalagólfi, sem er þak yfir útbyggingu. Margar flísarnar hafi verið lausar á gólfinu en sumar fastar. Haf álitsbeiðandi óskað eftir því að heillegar flísar yrðu ekki brotnar og því hafi verkið dregist. Svalagólfið hafi reynst mikið sprungið og illa farið vegna leka. Um verklið 4 segir að kantur á svalagólfi hafi verið brotinn niður um u.þ.b. 30-40 cm. og endursteyptur. Í verkliðum 1-4 hafi falist rif á klæðningu og múrvinna. Sú vinna miðist við rif á múrklæðningu og einangrun, sögun og viðgerð á sprungum, holufylling í múr, brotvinnu á steinveggjum og flísum, uppsláttur steypumóta og endursteypun, ísetning múrneta á vegg og heildrögun ásamt múrun í lokin. Um verklið 5 segir að í honum hafi falist að setja tjörupappa á svalagólf. Um verklið 6 segir að í honum hafi falist að setja flasningar á og við garðskála og á alla fleti við svalir, u.þ.b. 25 lengdarmetra. Um verklið 7 segir að í honum hafi falist uppsetning á svalahandriði og frágangur í kringum það. Verkliður 8 hafi verið fólgin í uppsetningu á gólfniðurfalli og verkliður 9 hafi verið fólgin í að þétta glugga að utan og innan og gera við rakaskemmdir að innan ásamt því að setja gerefti í kringum glugga. Samkvæmt tímaskráningayfirliti var unnið við verkið í samtals 18 daga og hafi einn til þrír menn unnið hvern dag. Samtals skráðar verkstundir á verkið eru skv. yfirlitinu skráðar 255,95.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Samkvæmt gögnum málsins munu seljandi og álitsbeiðandi upphaflega hafa rætt um að verk seljanda væri afmarkað við viðgerð á ákveðnum vegg í húseign álitsbeiðanda og mun seljandi hafa áætlað að vinna og efniskostnaður við að lagfæra þann vegg gæti numið á bilinu kr. 400-500.000 án þess að hann gæti fullyrt um endanlegan kostnað. Fljótlega eftir að verkið hófst mun þó hafa verið ákveðið, í samráði seljanda og álitsbeiðanda að seljandi framkvæmdi

einnig viðgerð á öðrum vegg ásamt svalagólfi. Ekki liggur fyrir nein skrifleg verkáætlun eða tilboð í verkið og raunar virðist ekkert hafa verið rætt um verð, utan áætlun seljanda við viðgerð á einum vegg, fyrr en hinn umdeildi reikningur var sendur.

Í II. kafla laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er m.a. kveðið á um upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu seljanda þjónustu í viðskiptum hans við neytanda. Þar segir í 4. gr. laganna:

„Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skylt er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum.“

Umrætt ákvæði laganna, þar sem vísað er til fagþekkingar, er vísiregla sem verður að túlka með hliðsjónar af því sem er tíðkanlegt í því fagi sem um er að tefla hverju sinni og aðstæðum að öðru leyti. Í frumvarpi til laga nr. 42/2000 um þjónustukaup segir m.a. í skýringum við 4. gr. laganna:

„Kröfur sem gerðar eru til fagþekkingar seljenda þjónustu hafa einnig áhrif á mat á því hvort leiðbeiningarskyldu hafi verið sinnt með fullnægjandi hætti en þar er um að ræða aðra mikilvæga grundvallarreglu samkvæmt þessu frumvarpi, sbr. 6. gr.“

Í 2. mgr. 6. gr. laganna segir síðan m.a.:

„Verði seljanda ekki ljóst að fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrr en vinna er hafin eða að verð þjónustunnar muni verða verulega hærra en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir skal seljandi tilkynna neytanda um það og óska eftir fyrirmælum um hvort frekari vinna skuli af hendi leyst.“

Ekki virðist deilt um það í málinu að eftir fyrsta fund seljanda og álitsbeiðanda var verð fyrir þjónustu seljanda ekki rætt frekar. Hins vegar fór verkið frá því að vera viðgerð á einum vegg yfir í yfirgripsmiklar endurbætur á tveimur veggjum og svölum. Seljandi virðist þannig ekki hafa gert álitsbeiðanda nægilega grein fyrir því hvert verð fyrir þjónustu hans gæti orðið, eftir því sem bættist við það verk sem álitsbeiðandi vildi að seljandi ynni, þó fallast megi á að álitsbeiðanda hefði ekki geta dulist að verðið færi hækkandi eftir því sem verkið vatt upp á sig. Skortur á veittum upplýsingum og leiðbeiningum getur, skv. lögum um þjónustukaup, getur leitt til þess í fyrsta lagi að þjónusta geti talist haldin galla í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 4. gr. og í öðru lagi að seljandi geti misst rétt sinn til að fá greitt að fullu fyrir unnið verk sbr. 2. máls. 2. mgr. 6. gr. laganna. Í skýringum við 2. mgr. 6. gr. laganna segir m.a. að meginsjónarmiðið að baki ákvæðinu sé að verð þjónustunnar hafi mikla þýðingu fyrir neytandann og hafi hann tekið ákvörðun sína um hvort vinna eigi verk á grundvelli upplýsinga um verð og verði breytingar þar á geti hann þurft að endurskoða þá ákvörðun. Enn fremur kemur fram að í ákvæðinu sé kveðið á um að seljanda beri að tilkynna neytanda ef þjónustan verði mun dýrari en neytandi mátti gera ráð fyrir. Þá kemur fram að ef sterk rök hnígi til þess að neytandi hefði ekki óskað eftir þjónustunni ef hann hefði fengið fullnægjandi upplýsingar sé honum heimilt að neita að greiða seljanda þjónustu að fullu fyrir það verk sem unnið er. Eins segir að í þeim tilvikum sem neytandi hefði afþakkað að frekari vinna yrði innt af hendi sé honum aðeins skylt að greiða þann útlagða kostnað sem þykir sanngjarnt hverju sinni sbr. 7. gr. laganna.

Niðurstaða um það hvað geti talist sanngjarn að neytandi greiði seljanda þegar svo er ástatt ræðst eðlilega af mati. Álitsbeiðandi hefur lagt fram matsgerð sérfræðings þar sem gerð var uppmæling á verkinu eftir að því var lokið. Hljóðar áætlun í álitsgerð upp á samtals kr. 842.995 með virðisaukaskatti fyrir verkið í heild og sundurliðast sú upphæð í kr. 501.610 fyrir

vinnu og kr. 341.610 fyrir efni. Er verktími áætlaður 105 klst. Þar af er gert ráð fyrir að kostnaður vegna vinnu veggi sé samtals kr. 568.495, en fyrir vinnu við svalir kr. 274.500.

Reikningur seljanda hljóðar hins vegar upp á samtals kr. 1.843.205 með virðisaukaskatti fyrir verkið í heild og sundurliðast sú upphæð í kr. 1.168.800 fyrir vinnu og kr. 674.405 fyrir efni. Verktími er skráður 255,95 vinnustundir. Samkvæmt uppgjöri vegna verksins, sem fylgdi álitsbeiðni er efniskostnaður sundurliðaður í 12 liðum. Seljandi hefur mótmælt því að lítið verði til matsgerðar sérfræðingsins með þeim rökum að matsgerðin sé í meginatriðum röng og bæði tímafjöldi og efniskostnaður verulega vanmetinn. Eins og máli þessu er háttáð og með vísan til áðurnefndra mótmæla, sem að einhverju marki eiga rétt á sér, þykir kærunefndinni ekki unnt að leggja til grundvallar áætlun á vinnustundafjölda og efniskostnaði sem gerð var af áðurnefndum matsmanni en líta megi þó til hennar við mat á því hvað sanngjarnt megi teljast að seljandi fái greitt fyrir verk sitt. Þeir meinbugir er seljandi telur vera á umræddri matsgerð geta vart útskýrt með öllu þann mikla mun sem er á verðáætlun matsgerðarinnar og reiknings seljanda fyrir verkinu.

Metur kærunefndin það því rétta að álitsbeiðanda hafi tekist að sýna fram á að reikningur seljanda, dags. 7. ágúst sl. hafi verið að einhverju marki ósanngjarn. Hvað sé sanngjarnt verð fyrir verkið verður því að meta að álitum, að teknu tilliti til þess að viðgerð á fasteign álitsbeiðanda var yfirgripsmikil og notagildi hennar umtalsvert og telur kærunefndin hæfilegt að álitsbeiðandi greiði seljanda kr. 1.300.000 fyrir það verk sem hann vann á fasteign seljanda, með hléum, frá 2. apríl 2012 til 25. júlí 2012. Þar af hefur seljandi þegar greitt kr. 674.000. Ber álitsbeiðanda því að greiða seljanda mismuninn, þ.e. kr. 626.000. Kærunefndin álitur það hins vegar utan valdsviðs síns að taka afstöðu til þess hvort álitsbeiðanda sé heimilt að skuldajafna útlagðan kostnað sinn við að mótmæla kröfu seljanda, en sá kostnaður nemur að sögn álitsbeiðanda samtals kr. 169.250.

VII

Álitsorð

Álitsbeiðandi, X, greiði seljanda, Y, kr. 626.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Jón Magnússon